

Erindi íbúa í Hlíðum dags. 30. september 2020 um skertar sjónlínur við gatnamót

Góðan daginn,

Í Hlíðum, sem og víðsvegar, er mikið af bílastæðum á borgarlandi þar sem bílar geta skert sjónlínu við gatnamót. Þetta gerir það af verkum að bílstjórar sjá illa gangandi vegfarendur, sérstaklega þá stuttu, börnin okkar. Í mörgum framsæknum borgum er verið að fjarlægja þessi stæði og breyta þeim í hjólagrindur eða eitthvað slíkt sem skerðir ekki sjónlínu. Sem íbúi í Hlíðum (Barmahlíð 44) óska ég eftir því að þeir sem beri ábyrgð á skipulagi og bílastæðum á borgarlandi framkvæmi úttekt á þessum stæðum og hvort ástæða sé til að nota málningu og hjólagrindur til að koma í veg fyrir að bifreiðir skerði sjónlínur á þessum stöðum.

Í viðhengi er mynd með dæmi á horni Mávahlíðar og Stakkahlíðar. Bílar sem aka Stakkahlíð í suður-átt sjá ekki börn fyrr en mjög seint sem þvera Stakkahlíð. Víðsvegar er þetta fyrirkomulag sem skapar hættu.

Jökull Sólberg Auðunsson

